


Víðidalsá 1998

Bjarni Jónsson

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Hólum, ágúst 1999

VMST-N-99005



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

VEIDIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Víðidalsá 1998

Bjarni Jónsson

VEIDIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Hólum, ágúst 1999

VMST-N-99005

Inngangur

Hefðbundinn úttekt á ástandi, vexti og þéttleika seiðastofna Víðidalsár og Fitjár fór fram í ágúst 1998. Sérstök áhersla var lögð á að kanna ástand náttúrulegra laxaseiða. Mikilvægar upplýsingar fást einnig með lestri hreistursýna. Þau geta sagt mikið um langtímasveiflur í lífsögu og ástandi laxastofna ekki síður en að skila upplýsingum frá ári til árs um uppruna veiddra laxa eða ferskvatns og sjávaraldur. Í öllum helstu laxveiðiám landsins er nú safnað hreistursýnum og er með því skapaður ómetanlegur grunnur upplýsinga um laxastofna viðkomandi vatnsfalla bæði fyrir núverandi og komandi kynslóðir. Mikilvægt er að ekki falli úr ár í sýnatöku og má segja að slíkt sé nú komið í gott horf víðast hvar. Það skal tekið fram að hreistursýnin tapa ekki gildi sýnu þó að ekki sé lesið úr þeim jafnóðum, en í Víðidalsá hefur verið unnið úr hreistursýnum árlega eða annað hvert ár. Upp og ofan gekk að safna hreistursýnum í Víðidalsá framan af á meðan leiðsögumönnum við ána var ætlað að sjá um sýnatökuna. Eftir að Veiðifélagið tók sjálft að sér sýnatökuna og fól hana veiðiverði sínum hefur sýnataka verið í mjög góðu lagi. Segja má að hingað til hafi ríkt skilningur stjórnar veiðifélagsins á gildi þess fyrir veiðifélagið að safnað sé hreistursýnum af veiddum laxi og er vonandi að svo verði áfram. Það ætti öllum að vera ljós ábyrgð stjórnar veiðifélagsins á að gæta hagsmuna sinna félagsmanna hvað þetta varðar.

Nokkrum erfiðleikum er bundið að bera saman vænleika seiða á milli ára þó að mikilsverðar upplýsingar fáist um vöxt útrá samanburði á stærð miðað við aldur. Til að skapa grunn að nákvæmari samanburði á milli ára og staða í vatnakerfinu er nauðsynlegt að mæla þyngd seiðanna ásamt því að mæla lengd þeirra og meta aldur. Öll seiði í rafveiðum sumarsins 1999 verða þyngdarmæld til þess að afla nákvæmari upplýsinga um ástand seiðanna. Hér er um nýjung að ræða við rannsóknir á seiðastofnum Víðidalsár og Fitjár. Ljóst er að þar bætist við nokkur vinna við rafveiðarnar og verður því mætt með endurskipulagninu á hefðbundnu rannsóknarátaki á vatnasvæði Víðidalsár og Fitjár.

Aðferðir

Seiðastofnar Víðidalsár og Fitjár voru rannsakaðir með rafveiðum. Rafveitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár en staðir ofarlega á ófiskgengum svæðum sleppt að þessu sinni. Nægjanlegt er að rafveiða á þeim stöðum annað hvert ár. Seiðin voru lengdarmælt og sýni tekin til aldursgreininga. Ferskvatnsaldur og sjávaraldur veiddra laxa var greindur útfrá hreistursýnum, sem og uppruni laxa, náttúrulegur eða sleppi uppruni.

Niðurstöður rafveiða

Víðidalsá

Á rafveiðistað 5 fyrir neðan Kolugljúfur varð vart þriggja árganga laxaseiða, vorgamalla (0+), eins árs (1+) og tveggja ára (2+). Mest var þar af vorgömlum laxaseiðum. Vottur var einnig af vorgömlum bleikjuseiðum á þessu svæði (Tafla 1; Myndir 1, 2a og 4). Á rafveiðistað 6 voru þrjú árgangar laxaseiða, vorgömul, eins- og þriggja ára seiði. Þéttleiki laxaseiða var óvenjulítill á þessum stað og mest af vorgömlum laxaseiðum eins og ofar í ánni (Tafla 1; Myndir 1 og 2a). Á stað 8 fyrir neðan Þjóðvegabrá við Þjóðveg 1 varð ekki vart við vorgömul laxaseiði en talsvert var þar af eins- og tveggja ára laxaseiðum og vottur af þriggja ára laxaseiðum. Á þessu svæði voru einnig vorgömul urriða- og bleikjuseiði (Tafla 1; Myndir 1, 2a, 3 og 4). Rafveitt var á nýjum stað skammt neðan við rafveiðistað 9 og var sá staður nefndur 9b. Á stað 9b var talsvert af eldri laxaseiðum, eins- tveggja- og þriggja ára (Tafla 1; Myndir 1 og 2a) og almennt meira af eldri seiðum en veiddust á stað 9 árið áður (Tumi Tómasson 1998). Á stað 9b var einnig talsvert af vorgömlum urriðaseiðum (Mynd 3) og vorgömlum og eins árs bleikjuseiðum (Myndir 1 og 4).

Á heildina litið var árgangur eins árs laxaseiða sterkastur í Víðidalsá og vorgamalla laxaseiða vart fremur ofar í ánni en neðar. Nokkuð var af tveggja ára laxaseiðum en þéttleiki þeirra fremur lítill. Yngri laxaseiðin voru svipuð að stærð og jafngömul seiði sumarið 1997, en eldri laxaseiðin voru ívið stærri miðað við aldur sumarið 1998 en

þau voru 1997 (Tumi Tómasson 1998). Holdafar laxaseiðana sumarið 1998 var almennt mjög gott.

Fitjá

Efsti staður í Fitjá að þessu sinni var stöð 1 fyrir neðan foss. Þar var mikið af vorgömlum laxaseiðum og talsvert af eins- og tveggja ára laxaseiðum (Tafla 1; Myndir 1 og 2b). Á stað 3 í Fitjá voru tveir árgangar laxaseiða, eins- og tveggja ára seiði, auk einsárs sleppiseiða (1+ss). Þéttleiki laxaseiða var fremur lítill á þessum stað (Tafla 2; Myndir 1 og 2b). Valinn var nýr rafveiðistaður á milli þess sem áður voru staðir 5 og 6 og nýi staðurinn nefndur 5-6. Á þeim stað veiddust þrjú árgangar laxaseiða, vorgömul, eins árs- og tveggja ára laxaseiði. Langmest var þar af eins árs laxaseiðum (Tafla 2; Myndir 1 og 2b). Sömu sögu var af stað 7 að segja þar var einnig mikill þéttleiki eins árs laxaseiða. Á þeim stað fundust einnig vorgömul laxaseiði og nokkuð af tveggja ára laxaseiðum (Tafla 2; Myndir 1 og 2c). Á stað 8 í Fitjá var einnig mikið af eins árs seiðum og svipað magn vorgamalla og tveggja ára laxaseiða eins og ofar í ánni á stað 7. Vottur var einnig af þriggja ára laxaseiðum á þessum stað (Tafla 2; Myndir 1 og 2c). Á neðsta rafveiðistaðnum í Fitjá varð einungis vart tveggja árganga laxaseiða að þessu sinni, eins – og tveggja ára (Tafla 2; Myndir 1 og 2c). Einnig voru á neðsta svæðinu í Fitjá bæði vorgömul og eins árs bleikjuseiði (Myndir 1 og 4).

Á heildina lítið var árgangur eins árs laxaseiða áberandi sterkur í Fitjá en vorgömul jafnt sem tveggja ára laxaseiði víðast hvar, en þó í mismiklu mæli. Laxaseiðin í Fitjá voru svipuð að stærð miðað við aldur og sumarið 1997 (Tumi Tómasson 1998) Áberandi stór hluti hænga á meðal eldri seiða (tveggja og þriggja ára) var kynþroska og bar mun meira á kynþroska smáhængum í Fitjá en í Víðidalsá.

Umræða um niðurstöður rafveiða

Þéttleiki laxaseiða á laxgengum hlutum í Víðidalsá og Fitjá sumarið 1998 var minni en oft áður. Jafnframt vantar inn í stöku árganga á sumum svæðum. Seiðin reyndust þó vera í afskaplega góðum holdum og afföll því væntanlega minni en annars. Seiðin voru að jafnaði stór og væn miðað við aldur og kann það að skýrast að einhverju leiti af minni þéttleika. Ekki er ástæða til að grípa til neinna aðgerða vegna seiðafæðar á laxgengum svæðum. Ágætis ganga virðist hafa verið til sjávar úr Víðidalsá og Fitjá

vorið 1998. Það eru laxar sem eiga að skila sér árin 1999 sem smálax og 2000 sem stórlax. Margt bendir hinsvegar til þess að ganga til sjávar hafi verið undir meðallagi sumarið 1999 og væntanlega seinna á ferðinni en oft áður ef marka má rannsóknir á niðurgöngu seiða í Miðfjarðarám sumarið 1999. Aftur á móti má vænta mjög góðrar göngu laxaseiða til sjávar vorið 2000 útfrá sterkum árgangi eins árs laxaseiða í Víðidalsá og Fitjá sumarið 1998. Rafveiðarnar 1999 munu gefa frekari vísbendingar þar um. Rafveitt verður víðar um vatnasvæðið sumarið 1999 auk þess sem seiðin verða þyngdarmælt.

Veiðin 1998

Á síðasta sumri rættist verulega úr laxveiði í Víðidalsá og Fitjá eins og mörgum öðrum ám á Norðurlandi. Veiði í Víðidalsá og Fitjá var óvenjulítil 1996-1997 þrátt fyrir að seiðabúskapur í Víðidalsá og Fitjá hafi verið mjög góður á undanförunum árum. Í mörg ár hefur mikið magn af gönguseiðum gengið til sjávar, en skilað sér illa til baka. Þetta breyttist síðastliðið sumar. Líklegasta skýringin á því er bætt skilyrði í hafi. Af 1078 lögum veiddum sumarið 1998 voru 822 smálaxar, sem er fremur hátt hlutfall í stórlaxaá eins og Víðidalsá og Fitjá. Smálax er lax sem er að skila sér aftur í ána eftir eitt ár í sjó. Gjarnan fylgjast að stórar smálaxagöngur og stórar stórlaxagöngur árið eftir. Þá eru laxar úr sama gönguseiðaárgangi að skila sér aftur eftir tvö ár í sjó.

Athugun hreistursýna 1998

Af þeim hreistursýnum sem bárust voru alls 240 læsileg. Yfirgnæfandi hluti laxa af náttúrulegum uppruna í Víðidalsá hafði dvalið 3 eða 4 ár í ferskvatni (Tafla 5a). Sömu sögu var að segja um lax úr Fitjá (Tafla 5b). Samkvæmt þessu þá hefur ferskvatnsaldur seiða í Fitjá, eða sá tími sem seiðin þurfa í ánni áður en þau ganga til sjávar, verið að stytast. Af náttúrulegum lögum veiddum í Fitjá sumarið 1997 hafði langstærstur hluti laxanna dvalið 4 ár í ánni (Tumi Tómasson 1998). Það er því greinilegt að vaxtarskilyrði fyrir laxaseiði í Fitjá hafa batnað til muna. Þannig dvelja færri árgangar í ánni í einu og líkur eru á því að gönguseiðaframleiðsla árinna hafi verið að aukast. Ferskvatnsaldur laxaseiða úr Víðidalsá breytist hinsvegar lítið á milli ára. Á heildina lítið virðist vöxtur seiða í Víðidalsá og Fitjá hafa verið góður ef marka má ferskvatnsaldur seiða.

Langstærstur hluti laxa úr Víðidalsá skiluðu sér eftir 1 ár í sjó, eða tæp 70%. Svipað hlutfall laxa með 3 og 4 ára ferskvatnsdövl skiluðu sér eftir eitt ár í sjó. Í Fitjá Skiluðu tæp 90% laxa sér eftir eins árs sjávardövl. Þetta háa smálaxahlutfall er mun hærra en það var 1997 og þetta er sérstaklega áberandi fyrir Fitjá.

Af veiddum löxum í Víðidalsá reyndust 25,4% vera af sleppiuppruna og 26,1% í Fitjá. Laxar af sleppi uppruna hafa flestir dvalið 2 ár í ferskvatni áður en þeir hafa gengið til sjávar. Það sama má segja um Fitjá. Samanborið við laxa úr veiðinni 1997 þá er ferskvatnsaldurinn svipaður í Víðidalsá en hefur færst niður í Fitjá og er nú nokkuð svipaður í báðum ánum. Þannig virðast vaxtarskilyrði hafa batnað bæði hjá náttúrulegum laxaseiðum sem og sleppiseiðum í Fitjá. Á heildina litið hefur vöxtur sleppiseiða verið góður í ferskvatni, 2 ár en búast má við meiri afföllum og lélegri heimtur ef þau þurfa lengri tíma til að ná sjóþroska. Í Víðidalsá skila sleppiseiðin sér frekar sem smálax heldur en náttúrulegu seiðin en í Fitjá er þessu öfugt farið.

Almenn umræða og samantekt

Seiðabúskapur Víðidalsár og Fitjár var á heildina litið góður sumarið 1998 en þó var heldur lítið af seiðum. Einn mjög sterkur árgangur var þó í ánum, eins árs laxaseiði sem vætnanlega standa undir sjávargöngu seiða vorið 2000. Mjög mikilvægt er að safna góðum hreistursýnum árlega því að þau munu þegar til lengri tíma er litið verða ómetanleg heimild um lífsögu laxastofna ána og lykll að auknum skilningi á sveiflum í laxagöngum almennt. Ekki þarf að orðlengja að veiðifélög sem eiða árlega hundruðum þúsunda í seiðasleppingar ættu að leggja það litla aukalega á sig sem þarf til að fylgjast með árangri af þessum gríðarlegu fjárfestingum. Það er einungis hægt með því að safna hreistursýnum af veiddum löxum. Hingað til hefur stjórn veiðifélags Víðidalsár og Fitjár verið meðvituð um ábyrgð sína gagnvart félagsmönnum sínum hvað þetta varðar. Samkvæmt hreistursýnum hefur ástand laxastofna Víðidalsár og Fitjár verið gott síðustu ár og ferskvatnsaldur seiða að stíttast í Fitjá. Sleppiseiði hafa verið að skila um 25% afla í laxveiðinni sumarið 1998.

Samanburðarrannsóknir á landsvísu leiða í ljós að náttúruleg gönguseiði hafa á síðustu árum verið að skila sér mun ver úr ám á Norðurlandi og Austurlandi en þau hafa gert úr ám á Vesturlandi og Suðurlandi. Heimtur af smálaxi sumarið 1998 gáfu vísbendingar um breyting væri að verða á aftur. Ástand virðist hafa verið gott í sjó síðan sumarið 1997 og á sama tíma hefur seiðabúskapur Víðidalsár og Fitjár verið

ágætur. Á aðalfundi Veiðifélags Víðidalsár og Fitjár síðastliðið vor spáði ég góðri stórlaxaveiði í Víðidalsá og Fitjá sumarið 1999 og einnig taldi ég margt benda til góðrar smálaxaveiði. Á miðju sumri 1999 hefur þessi spá að hluta til gengið eftir en almennt er þó veiðin nokkru minni en búist var við. Þrátt fyrir þetta virðist þó veiðin í Víðidalsá og Fitjá ætla að verða ágæt og hlutfallslega mun betri en í flestum öðrum ám á Norðurlandi.

Tafla 1 Fjöldi veiddra seiða á hverja 100m² í Víðidalsá í ágúst 1998. veiðistaðir eru merktir inn á mynd 1. Laxaseiðin eru flokkuð eftir aldri. SS merkir sleppiseiði.

Veiði- staður	Stærð veiðisv.	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna				
		0+	1+	1+SS	2+	3+
5	13x42m	5.3	1.6	-	0.7	-
6	32x18m	3.6	0.3	-	-	0.5
8	30x12m	-	3.1	-	1.7	0.8
9b	50x12m	-	0.7	-	0.8	0.7

Tafla 2 Fjöldi veiddra seiða á hverja 100m² í Fitjá í ágúst 1998. Veiðistaðir eru merktir inn á mynd 1. SS merkir sleppiseiði.

Veiði- staður	Stærð veiðisv.	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna				
		0+	1+	1+SS	2+	3+
1	25x12m	6.7	3.3	-	1.0	-
3	15x40m	-	0.3	0.7	-	-
5-6	40x12m	0.8	4.4	-	0.4	-
7	30x10m	3.0	9.3	-	1.33	-
8	27x18m	4.5	6.4	-	1.4	0.4
9	12x45m	-	3.5	-	0.2	-

Tafla 3 Laxveiði eftir veiðistöðum í Víðidalsá sumarið 1998. Sýndur er heildarfjöldi laxa á hverjum stað, meðalþungi þeirra og dreifing veiðinnar á einstaka mánuði veiðitímabilsins.

Laxveiði í Víðidalsá 1998							
NR	Veiðistaður	Fj. Laxa	Meðalþ. (pd)	Juní	Julí	Ágúst	Sept
1	Kvíslar	9	5.29	3	3	2	1
2	Torfhylur	4	5.50	2	2		
3	Ferjufljót	16	6.13		8	3	5
4	Hamarshylur	4	6.00			4	
6	N. Laufásbr.	2	19.00			1	
7	E. Laufasbr.	3	7.67	1		2	
8	Fossar	11	7.91	1	9	1	
9	Garðar	17	6.41	1	4	9	3
10	Skipstjórabr.	5	8.00		5		
11	Dalsárós	95	9.54	1	29	48	17
12	Sýkið	1	5.00			1	
13	Harðeyrarstr.	56	6.25		12	39	5
14	Faxi	6	6.34			4	2
16	Silungabakki	50	7.30	2	17	28	3
19	Síðukrókur	6	7.00		6		
20	Brúarpollur	1	5.00		1		
21	G. Brú	45	7.00	3	42		
22	Kælir	48	8.94	1	10	29	8
22A	E. Kælir	4	9.75	1		2	1
23	Pórukotsbakki	1	6.00				1
24	Nikki	6	6.50	1		5	
25	Galtanesfljót	24	8.88		3	18	3
25A	Brautaland	10	5.90			10	
26	Garðsendi	10	8.30		4	5	1
27	Gapastokkur	5	11.20	3	1	1	
28	Stekkjareyri	4	13.75	1	3		
29	Ásgeirsárþakki	21	5.95	1	15	5	
31	N. Kotbakki	12	5.67		5	7	
32	E. Kottbakki	8	7.00	1	6	1	
33	Ármót	105	8.56	7	53	40	5
36	Asahylur	3	5.00		1	2	
38	Eyrar	14	5.29		5	9	
39	Réttarbakki	5	5.20		1		4
40	Agnesarhylur	5	6.00	1	4		
41	Símastrengur	13	6.46	1	5	6	1
43	Steinafljót	6	7.67	1	1	3	1
45	Hvarfsfljót	6	7.67	1	1	3	

Laxveiði í Víðidalssá 1998, frh.

NR	Veiðistaður	Fj. Laxa	Meðalp. (pd)	Juni	Juli	Agust	Sept
45A	Harðarhlaup	3	5.67		3		
46	N. Valhylur	7	7.29			5	2
47	E. Valhylur	5	4.80		1	4	
48	Gleraugnahylur	5	8.00	1	1	2	1
49	Stekkjarfljót	9	8.34		3	5	1
50	Snaghylur	27	6.48		10	16	1
50A	Kolugljúfur	25	5.62	2	3	11	9
	Öst.	1	5.00		1		
51	Símahola	2	5.00		1		1
52	Kerstapi	42	6.26		36	5	1
53	Kerajlót	59	5.73	3	49	7	
54	Kerfoss	25	5.48	1	15	9	
55	Bugur	9	7.78		1	6	2
56	Kerhóll	5	6.68		1	3	1
57	Strengur	1	12.00	1			
58	Svölustaðakr	6	8.67			5	1
59	Siggi	2	5.00			2	
60	Hestfljót	12	6.10			7	5
64	Hrafnshylur	10	7.50		1	9	
66	Raufarhöfn	4	5.75			3	1
67	Símakvörn	1	12.00			1	
69	Ullarkvörn	26	6.62	1		22	3
73	Tjarnarfljót	3	5.33			3	
75	N. laxapollur	10	6.20			10	
76	Laxapollur	55	7.75		5	47	3
81	Áslandseyrar	6	5.17			6	
83	Girðingrahylur	5	5.00			3	2
84	Hrafnsvaðarh	4	5.50			4	
85	Bútahúsahylur	8	5.25			7	1
86	Krókshylur	1	5.00			1	
87	Fálkahylur	1	4.00			1	
88	Merkjahylur	2	6.00			2	
89	Króksholtsh	2	4.50			2	
90	Steinbogi	23	6.09			18	5
91	Steinbogastr	1	8.00			1	
96	Breiðahvammsh	3	6.00				3
100	Geirvörðuhylur	1	6.00			1	
101	Króksvörðuhylur	1	5.00				1
102	Mjóhylur	5	7.20		1	3	1
103	Laxakvörn	8	8.00			6	2
104	Fossfljót	7	9.00			1	6

105	Bjarnafoss	8	6.38			5	3
	Fitjá	358	6.11	6	110	200	42
	Víðdalsá	720	7.65	36	280	329	75
	Samtals	1078	7.14	42	390	529	117
	Stórlaxar	258	8-24 pund				
	Smálaxar	822	3-7 pund				
Unnið úr veiðibókum 1998 Frá Ragnari á Bakka 29/9/98							

Tafla 4 Laxveiði í Víðidalsá og Fitjá 1994-1998 eftir þunga.

Víðidalsá og Fitjá					
Pungi (pund)	1994	1995	1996	1997	1998
3	19	9	12	5	10
4	68	138	100	51	107
5	55	250	141	174	339
6	28	150	56	117	271
7	14	51	11	69	95
8	11	50	18	22	38
9	26	54	47	27	13
10	38	63	45	43	25
11	36	48	51	38	22
12	50	61	85	48	31
13	51	31	67	31	27
14	60	34	56	21	28
15	42	15	39	17	25
16	30	13	21	15	18
17	16	7	17	7	6
18	14	2	8	2	6
19	9	1	4	1	7
20	6	1	7	0	5
21	2	1	0	2	1
22	0	0	0	0	3
24	0	0	0	0	1
25	0	1	0	0	0
Samtals	580	980	785	590	1078
Meðalv.	10.4	7.6	9.4	8	7.14
Víðidalsá og Fitjaá	11.3	8	10	8.2	7.65
Fitjaá	8.3	7.6	8	7.58	6.11
Heild					
P.Pund	6032	7448	7377	5520	7683
Hrygnur	320				
Hængar	756				
Frá Ragnari á Bakka 29/9/98					

Tafla 5a. Niðurstöður úr lestri hreistursýna úr laxveiðinni í Víðidalsá 1998. Laxar eru greindir eftir uppruna; náttúrulegir eða úr seiðasleppingum (ss merkir að fiskarnir séu af sleppi uppruna). Einnig er greindur fersskvatnsaldur og sjávaraldur laxanna.


Víðidalsá

Ferskvatns-aldur	Heildar-fjöldi	Smálax		Stórlax		Smálax % af heildarfjölda miðað við ferskvatnsaldur	Stórlax % af heildarfjölda miðað við ferskvatnsaldur
		Fjöldi	%	Fjöldi	%		
1ss	2	0	0	2	3,8	0	1,1
2ss	29	25	19,4	4	7,5	13,7	2,2
3ss	8	7	5,4	1	1,9	3,8	0,5
4ss	2	1	0,8	1	1,9	0,5	0,5
3	75	51	39,5	24	45,3	27,9	13,1
4	62	43	32,6	19	35,8	23,5	10,4
5	5	3	2,3	2	3,8	1,6	1,1
Samtals	183	130	100	53	100	71,1	28,9





Tafla 5b. Niðurstöður úr lestri hreistursýna úr laxveiðinni í Fitjá 1998. Laxar eru greindir eftir uppruna; náttúrulegir eða úr seiðasleppingum (ss merkir að fiskarnir séu af sleppi uppruna). Einnig er greindur fersskvatnsaldur og sjávaraldur laxanna.

Fitjá




Ár í ferskvatni	Heildar-fjöldi	Smálax		Stórlax		Smálax % af heildarfjölda miðað við ferskvatnsaldur	Stórlax % af heildarfjölda miðað við ferskvatnsaldur
		Fjöldi	%	Fjöldi	%		
1ss	1	0	0	1	9,1	0	1,8
2ss	15	12	26,1	3	27,3	21,1	5,3
3ss	2	0	0	2	18,2	0	3,5
3	23	19	41,3	4	36,3	33,3	7,0
4	16	15	32,6	1	9,1	26,2	1,8
5	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	57	46	100	11	100		






Mynd 1. Yfirlitskort af vatnasvæði Viðidalssár og helstu rafveiðistaðir





Mynd 2a: Lengdar og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Víðidalsá í ágúst 1998.







Mynd 2b: Lengdar- og aldrisdreifing veiddra laxaseiða í Fitjá í ágúst 1998.



Mynd 2c: Lengdar- og aldersdreifing veiddra laxaseiða í Fitjá í ágúst 1998.



Mynd 3: Lengdar og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Víðidalsá í ágúst 1998



Mynd 4: Lengdar- og aldersdreifing veiddra bleikjuseiða í Víðidalsá og Fitjá í ágúst 1998.